



Sent til heilsugæslustöðva, heimilislækna í Reykjavík,
sjúkrahúsa,
læknastofa og stofnana fyrir aldraða.

Seltjarnarnes, 4. maí 2009
2009010269/45.01/GS/jh

Dreifibréf Landlæknisembættisins

Nr. 6/2009

Fyrirmæli sóttvarnalæknis

Efni: Inflúensa A (H1N1) (svínainflúensa)

Inflúensa A (H1N1) (svínainflúensa) er tilkynningaskyldur sjúkdómur samkvæmt lögum nr. 19/1997 og 5. gr. reglugerðar nr. 420/2008.

Tilkynna skal til sóttvarnalæknis um eftirfarandi:

- Sérhvern sjúkling sem uppfyllir faraldsfræðileg skilyrði inflúensu A (H1N1).
- Sérhvern sjúkling sem uppfyllir klínísk **OG** faraldsfræðileg skilyrði **OG** rannsóknarniðurstöður sýna merki um sýkingu af inflúensuveiru A sem ekki er hægt að flokka.
- Sérhvern sjúkling þar sem rannsóknarniðurstöður uppfylla skilyrði greiningar inflúensuveiru A (H1N1).

Skilgreining sjúkdómstílfellis

Inflúensuveira A (H1N1) (svínainflúensuveira)

ICD kóði U05.9 (J09)

Klínísk skilmerki

Sjúklingur með eitt eftirfarandi einkenna:

- hita $>38^{\circ}\text{C}$ **OG** einkenni um bráðra öndunarfærasýkingu,
- lungnabólgu (merki um alvarlegan öndunarfærasjúkdóm),
- andlát af völdum alvarlegs öndunarfærasjúkdóms.

Rannsóknarskilmerki

Að minnsta kosti eitt af eftirtöldum prófum jákvætt:

- RT-PCR,
- veiruræktun (krefst BSL 3 aðstöðu),
- fjórföld hækkun á inflúensuveiru A (H1N1) sértækum mótefnum (krefst paraðra sýna í bráðum sjúkdómi og í afturbata með 10-14 daga millibili hið minnsta).

Faraldsfræðileg skilmerki

Að minnsta kosti eitt af þremur eftirtöldum skilyrðum síðustu sjö daga fyrir veikindi eru fyrir hendi:

- sjúklingur hefur haft náið umgengni við staðfest sjúkdómstílfelli af völdum inflúensuveiru A (H1N1).

- sjúklingur hefur ferðast til svæðis þar sem viðvarandi staðfest smitun inflúensuveiru A (H1N1) manna á milli á sér stað.
- sjúklingur starfar á rannsóknarstofu sem fæst við greiningu á inflúensuveiru A (H1N1).

Flokkun sjúkdómstilfellis

A. Tilfelli sem sætir rannsókn

Sérhver sjúklingur sem uppfyllir klínísk og faraldsfræðileg skilmerki.

B. Líklegt tilfelli

Sérhver sjúklingur sem uppfyllir klínísk **OG** faraldsfræðileg skilmerki OG rannsóknarniðurstöður sýna merki um sýkingu af inflúensuveiru A sem ekki er hægt að flokka.

C. Staðfest tilfelli

Rannsóknarniðurstöður frá sjúklingi uppfylla rannsóknarskilmerki greiningar inflúensuveiru A (H1N1)

(2009/363/EC gildir fyrir ESB og EES)

Sóttvarnalæknir